

**Landssamband veiðifélaga
Bændahöllinni v/Hagatorg
107 Reykjavík**

**Samgöngustofa
Ármúla 2
108 Reykjavík**

Reykjavík, 17. janúar 2019

Efni: Ósk um breytingu á reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðara loftfara.

Á aðalfundi Landssambands veiðifélaga sem haldinn var í júní 2018 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Aðalfundur Landssambands veiðifélaga, haldinn á Sauðárkróki dagana 8. - 9. júní 2018, beinir því til stjórnar LV hvernig takmarka megi notkun dróna við veiðistaði.

Jafnframt beinir aðalfundurinn því til stjórnar Landssambands veiðifélaga að þrýst verði á þar til bær yfirvöld, að í reglugerð um starfrækslu fjarstýrðara loftfara nr. 990/2017, verði sett ákvæði um að umferð dróna við veiðistaði verði óheimil nema með leyfi veiðifélags eða opinberra stjórnvalda, eða sem hluti af venjulegri notkun landeigenda á eigin jörð.

Greinargerð:

Á undanförnum árum hefur notkun dróna aukist og gæði þeirra hafa batnað. Mikið ónæði getur fylgt slíkri notkun fyrir veiðimenn sem vilja njóta næðis við veiðivötn, auk þess sem hægt er með slíkum tækjum að afla upplýsinga sem geta varðað persónuvernd. Vísað er til 17. greinar laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, þar sem fjallað er um frjálsta för um landið og þær takmarkanir sem henni fylgja og er ljóst að þessi ákvæði eigi við um umferð dróna. Beina þarf því til Samgöngustofu að gætt sé að takmörkunum samanber þessi ákvæði náttúruverndarlaga, sjónarmiða um persónuvernd o.fl. vegna framfylgdar reglugerðar um starfrækslu fjarstýrðara loftfara (990/2017).“

Hér með er leitað svara við því hvort 5. töluliður/mgr. 12. gr. reglugerðar, nr. 990/2017, heimili Samgöngustofu setja sértækar notkunarreglur um meðferð dróna við lax- og silungsveiðiár og veiðivötn, á veiðitíma lax- og silungs ?

Ef svo er þá óskar Landssamband veiðifélaga eftir samstarfi við Samgöngustofu um mótun á slíkum reglum.

Virðingarfyllst,
fh
Landssambands veiðifélaga

Jón Helgi Björnsson,
formaður